

Tillaga til ályktunar – Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarf –

Árspaning KSÍ skorar á sveitarfélög að efla enn frekar íþróttastarfsemi í landinu með það að leiðarljósi að byggja upp samfélag þar sem íþróttir eru viðurkennd leið til heilbrigðra lífsgilda. Sveitarfélög eru hvött til að standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja og styrkja rekstur íþróttastarfsemi æskunnar og ekki síður afreksfólks sem fyrirmynd þeirra yngri.

Greinargerð:

Mikil uppbygging hefur verið á íþróttamannvirkjum um allt land undanfarin ár en þrátt fyrir það er víða þörf fyrir frekari úrbætur. Mikilvægi íþróttar fyrir heilbrigðan lífstíl er löngu viðurkennd sem og forvarnargildi þeirra. Fagna ber auknum stuðningi sveitarfélaga við rekstur íslenskra íþróttafélaga en í því sambandi er mikilvægt að ekki gleymist stuðningur við meistaraflokka en þar eru fyrirmyndirnar og gott afrekslið leiðir til fjölbreyttara mannlífs og jákvæðrar ímyndar sveitarfélags.

Stjórn KSÍ